

## Samningur við sérnámsgrunnslækna um afnot af farsíma á LSH

Undirritaður sérnámsgrunnslæknir (SGL) fær að láni farsíma,  
ásamt hleðslutæki og simkort.

### LSH-farsímanúmer verður skráð í sérnámsgrunnsblokk og þarf að tilkynna til símavers LSH

#### Reglur

- Farsímarnir eru í eigu menntadeildar Landspítala. Þeir eru lánaðir út til sérnámsgrunnslækna á meðan þeir eru á sérnámsgrunnsári á Landspítala.
- Farsíminn er samskiptatæki fyrir þá sem starfa á Landspítala. Hann er eingöngu fyrir símtöl sem við koma starfi á spítalanum.
- Ekki er ætlast til að sérnámsgrunnslæknar noti farsímamann til einkanota.
- Það kostar ekkert að hringja úr LSH farsíma í borð- og farsíma á vegum LSH. Kostnaður vegna hringinga ætti því að vera í algjöru lágmarki og fara alls ekki upp fyrir 1000 kr. á mánuði.
- Öll farsímanotkun úr farsímunum á vegum LSH er skráð. Deildarstjóri á menntadeild fær mánaðarlega sendar upplýsingar um kostnað vegna notkunar á símanum. Sérnámsgrunnslæknir verður kallaður í viðtal ef kostnaður verður óeðlilegur, þar sem hann þarf að gera grein fyrir símanotkun sinni. Hann fær sendan reikning ef ástæða þykir til.
- Ekki er heimilt að setja simkortid í annan síma.
- Ef farsíminn týnist skal það tilkynnt strax til menntadeildar (sigruni@landspitali.is)
- Ef farsími eða hleðslutæki glatast skal sérnámsgrunnslæknir greiða sekt að upphæð 3500 kr.
- Farsími, hleðslutæki og simkort skilist í móttökuna í Skaftahlíð 24 við lok sérnámsgrunns eða þegar sérnámsgrunni á Landspítala er lokið. Má senda í innanhúspósti eða almennum pósti. Hvernig sem þessu er skilað (líka ef skilað er beint í Skaftahlíð), þarf að setja allt í umslag og merkja: Sigrún Ingimarsdóttir, menntadeild LSH, Skaftahlíð 24 (105 Reykjavík), því þá lendir þetta á réttum stað.

Undirritaður sérnámsgrunnslæknir samþykkir ofangreindar reglur.

Nafn: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_ Dagsetning: \_\_\_\_\_